

Skólaráðsfundur 3.maí 2017

Mætt eru Baddý, Diljá, Gunnar, Svandís og Keli, haldinn úti í góða veðrinu niðri við Lón

1. Fundargerð síðasta fundar lesin.

Í fundargerð síðasta fundar, sem var 16. Janúar sl., kemur fram í 3. Lið fundargerðarinnar, samkeppni um merki Seyðisfjarðarskóla, að skipaðir voru fulltrúar til að velja úr innsendum tillögum. Þeir eru, Gunnar Einarsson sem er fulltrúi nemenda, Keli erfyrir skólaráð, ásamt fulltrúum frá foreldrafélagi skóladeildar, foreldrafélagi leikskóladeildar og fulltrúi stjórnenda.

Frestur til að skila tillögum að merki skólans rann út 1. Mars sl.

Einnig var rætt um 4. Lið þar sem fjallað er um tilvonandi breytingar á skóladagatali næsta skólaárs, td hugsanlegar breytingar á haust og vetrarfríum.

2. Skóladagatal grunnskóladeildar. Ákveðið að halda haust og vetrarfríum. Nýjung á dagatalinu er aðkennt verður í lotum að hluta til, td. Útivistarlota, jólalota og skólaskemmtunarlota. Rætt um gleggri merkingar á skóladagatali, td. Hvenar kennsla hefst eftir frí, en það hefur verið misbrestur á að nemendur og foreldrar átti sig á réttum tímasetningum. Lagt er til að aftan á dagatalinu séu nánari útskýringar og að fleiri litir séu notaðir á skóladagatalinu.

3. Sameining skólaráða.

Það liggur fyrir að sameina skólaráð grunn- og leikskóladeilda Seyðisfjarðarskóla í haust.

Lagt er til að fulltrúi úr foreldraráði beggja deilda sitji í skólaráði.

4. Innri mál.

Helstu breytingar sem eru fram undan í Skólastarfi Seyðisfjarðarskóla eru:

- a) flutningur bókasafna úr skólahúsinu við Suðurgötu og Herðubreið yfir í skólahúsið við Skólagötu (Rauða skóla).
- b) Allar heimastofur nemenda grunnskóladeildar verða í skólahúsinu við Suðurgötu.
- d) Ætlunin er að hafa meira val í verk- og raungreinum á unglingastiginu.
- e) Lögð verður fram aðgerðaáætlun sem unnið verður eftir næstu misseri.

5. Merki Seyðisfjarðarskóla.

Ákveðið er að halda fund þann 10.maí nk., þar sem fyrrnefndir fulltrúar munu skila lokatillögu um merki skólans. Nemendur eru búnir að kjósa fjórar tillögur, fulltrúarnir velja þá fimmtu, og svo verður endanleg tillaga valin úr þeim.

6. Önnur mál.

Nemendaráð mun á næsta skólaári funda samkvæmt fyrirfram ákveðinni dagskrá. Rætt er um hvort fundir þeirra verði á skólatíma, og hvort það verði hugsanlega hvati fyrir nemendur að mæta á fundina.

Tillaga frá formanni nemendaráðs:

Þar sem ljóst er að ekki verður kennsla í húsi Tónlistarskólans við Austurveg 20, leggur nemendaráð til að félagsmiðstöðin Lindin fái aðstöðu þar.

Samþykkt að fylgja þessari hugmynd eftir.

Loðmundarfjarðarferðir.

Baddý nefnir að draga megir úr hraða í haustferðum nemenda til Loðmundarfjarðar. Stundum hefur legið við að ferðirna verði nokkurskonar kapphlaup um að verða fyrst að skálanum þar. Td. Mætti stoppa og skoða landslag og gróður tila læra um náttúru landsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Keli